

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 2/1986. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
f.h. Skipstjórafélags Íslands**

(Guðni Á. Haraldsson hdl.)

gegn

dómsmálaráðherra

f.h. Landhelgisgæslu Íslands og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.).

Kjarasamningur. Risna. Opinberir starfsmenn. Skipherrar.
Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f.m. að undangengnum munnlegum málf lutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefni 14. janúar 1986.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands.

Stefndu eru dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að stefndu sé skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá stefndu við fluggæslu og í stjórnstöð, þá sömu risnu og greidd er skipherrum, er starfa um borð í varðskipum stefndu, í samræmi við grein 18.1.1. í kjarasamningi aðila frá 16. apríl 1984 ásamt breytingum.

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að þeim skipherrum, er starfa hjá stefndu, hvort sem þeir starfa á landi eða um borð í skipum, sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnu.

Til vara, að stefndu verði dæmdir að greiða risnu til þeirra skipherra, er starfa í landi, í samræmi við þá framkvæmd, er gilti, áður en kjarasamningar frá 16.4. 1984 voru gerðir.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Samkvæmt því, er í stefnu og fyrirbyggjandi skjölum greinir, eru

tildrög og helstu málavextir á þá leið, að allt frá árinu 1970 hafi verið í kjarasamningi aðila ákvæði um risnu til skipherra Landhelgisgæslunnar. Samningur sá, sem hér er til vitnað, er kjarasamningur um kjör yfirmanna á farskipum. Eigi stefnandi aðild að honum aðallega vegna yfirmanna á farskipum og yfirmanna á skipum Landhelgisgæslu Íslands. Stefndu hafi veitt Vinnumálanefnd ríkisins umboð til að undirrita samninga fyrir sína hönd.

Umrætt ákvæði um risnu í kjarasamningum aðila hafi verið óbreytt frá upphafi. Í núgildandi kjarasamningi aðila frá 16. apríl 1984 sé risnuákvæðið grein 18.1.1. og hljóði svo:

„Skipstjóri fær risnu og ferðakostnað eftir samkomulagi við framkvæmdastjóra félagsins.“

Ekki sé gerð nánari grein fyrir samkomulagi aðila í þessu efni í kjarasamningi. Greiðslu á risnufé hafi verið hagað þannig fyrir gerð kjarasamningsins frá 16. apríl 1984, að ákveðin upphæð, kr. 9,80, hafi verið greidd fyrir hvern unninn dag. Þessar greiðslur hafi runnið til allra skipherra Landhelgisgæslu Íslands, hvort sem þeir voru við skipstjórn úti á sjó, við fluggæslu eða unnu í stjórnstöð gæslunnar. Risnugreiðslur hafi komið fram á launauppgjöri um hver mánaðamót eins og aðrir launaliðir. Slíkar greiðslur hafi einnig gengið til yfirstýrimanna og yfirvélstjóra gæslunnar samkvæmt samningum þeirra.

Allir hafi nefndir starfsmenn fengið þessar greiðslur án þess að þurfa að sýna fram á útlagðan kostnað með nótum og kvittunum, enda hafi þeir litið á risnugreiðslurnar sem hvern annan launalið. Við gerð kjarasamninga í apríl 1984 hafi verið krafa af hálfu Skipstjórafélags Íslands um breytingu á risnuákvæðinu í átt til þess, er þá hafi gilt hjá Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, en þar hafi þessar greiðslur numið kr. 1500 á mánuði til skipstjóra. Þessari kröfu hafi verið hafnað, en jafnframt lýst yfir af hálfu Landhelgisgæslu Íslands með bréfi, dags. 13. apríl 1984, að borgað yrði sama risnufé og hjá Skipaútgerð ríkisins, sem þá var kr. 1250 á mánuði. Þessi yfirlýsing varð ekki hluti kjarasamningsins, sem undirritaður var 16. apríl 1984, en verið í fylgiskjali með honum ásamt bókunum og öðrum yfirlýsingum.

Í bréfi Hrafns Sigurhanssonar, fjármálastjóra Landhelgisgæslunnar, dags. 6. september 1984, til skipherra gæslunnar er vísað til ofanefndrar yfirlýsingar og tekið fram, að risnufé, kr. 1250 á

mánuði, sé greitt hjá Skipaútgerð ríkisins gegn framvísun reiknings. Verði sami háttur hafður á gagnvart starfandi skipherrum á varðskipum ríkisins frá og með 1. september 1984. Þá segir svo í næstsíðustu málsgrein:

„Eigi verður greitt sérstakt risnufé til skipherra starfandi í landi. Um þá munu gilda sömu reglur og venjur og um aðra starfsmenn er í landi starfa, hvað risnu varðar.“

Þessu bréfi fjármálastjórans var svarað með bréfi Skipstjórafélags Íslands 10. október 1984 til forstjóra Landhelgisgæslunnar, en meginmál þess er svohljóðandi:

„Það er skoðun SKFÍ, að þar sem yfirlýsing yðar frá 13.04. '84 um risnufé skipherra undanskilur enga skipherra Landhelgisgæslunnar, beri að greiða þeim öllum risnufé skv. áðurnefndri yfirlýsingu óháð því, hvar viðkomandi skipherra er að störfum. Félagið hafnar því, sem segir í bréfi Hrafns um, að „eigi verður greitt sérstakt risnufé til skipherra starfandi í landi.“

Félagið treystir því, að farið sé eftir gerðum samningum, og væntir þess, að þér sjáið til þess, að ofangreint atriði verði leiðrétt fljótt og greiðlega.“

Forstjóri gæslunnar svaraði með bréfi 21. nóvember 1984, þar sem áréttaðar voru yfirlýsingar þær, er fram komu í bréfi fjármálastjórans, og sjónarmiðum skipstjórafélagsins vísað á bug.

Stefnandi kveður mál út af þessum ágreiningi hafa áður verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en hafið áður en til dóms kæmi.

Af hálfu stefndu hefur það komið fram, að umrætt ákvæði um risnu hafi verið í samningum aðila allt frá 1955 og slíkar greiðslur gengið til allra skipherra Landhelgisgæslunnar, eins þótt þeir störfuðu í landi, árabilið frá 1971 fram í apríl 1984, og hefðu þeir ekki þurft að framvísa neinum reikningum, enda risnugreiðslur fremur lágar. Við munnlegan málflutning kom fram, að aðilar eru á einu máli um það, að skipherrar gæslunnar starfi yfirleitt í stuttan tíma í senn í landi, í stjórnstöð eða í fluggæslu.

Aðilar eru og sammála um það, að risnugreiðslur tíðkist enn til yfirstýrimanna og yfirvélstjóra starfandi í landi í samræmi við það, sem áður gildi.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í kjarasamningi aðila sé mælt fyrir um greiðslu risnu til skipstjóra. Hann heldur því fram,

að með samkomulagi, er gert var við undirritun kjarasamninga aðila, hafi verið samið um risnu, kr. 1250 á mánuði, fyrir hvern skipherra, er starfaði hjá Landhelgisgæslunni og að engir skipherrar hafi verið undanskildir, jafnframt, að ekki hafi verið samið um það, að risnu ætti aðeins að greiða gegn framvísun greiðslukvittana. Stefnandi bendir á, að föst venja hafi verið um þessar greiðslur a.m.k. frá árinu 1971. Yfirlýsing forstjóra gæslunnar frá 13. apríl 1984 hafi verið skilin samkvæmt orðanna hljóðan, en eins og hún sé síðar túlkuð af stefndu, þýði hún í raun skerðingu á þeim rétti, er gilti fyrir samninga aðila frá 16. apríl 1984. Því er haldið fram, að það hafi ekki verið ætlunin að undanskilja nokkurn skipherra. Við gerð kjarasamninga aðila í byrjun árs 1984 hafi skipstjórar lagt fram þá kröfu, að um risnu færi líkt og hjá Skipadeild sambandsins, en risna var þar þá kr. 1.500 á mánuði. Krafa stefnanda hafi eingöngu miðast við ákveðna upphæð, sem endanlega varð 1.250. Ef athuguð sé sú bókun, er lögð hafi verið fram af hálfu Landhelgisgæslu Íslands 13.4. 1984, sjáist, að engir skipherrar séu undanskildir. Aðeins sé sagt, að stefndi muni „borga skipherrum sínum sama risnufé....“ Skipherrar hjá Landhelgisgæslunni séu bæði starfandi í landi, að fluggæslu, í stjórnstöð og á sjó um borð í skipum. Orðalag þessa ákvæðis beri að túlka skv. orðanna hljóðan, sérstaklega þegar haft sé í huga, að fyrir tilvist þessarar einhliða yfirlýsingar hafi allir skipherrar fengið greidda risnu. Sá, er haldi því fram, að slíkt ákvæði hafi átt að skerða, þrátt fyrir það að ákvæðið beri það ekki með sér, hljóti að hafa sönnunarbyrðina fyrir slíku.

Eins og áður segi, komi fram í lok yfirlýsingarinnar, að Landhelgisgæslan muni greiða skipherrum sama risnufé og Skipaútgerð ríkisins. Þetta hafi fyrirsvarsmenn Skipstjórufélags Íslands skilið svo, að þarna væri verið að lofa sömu upphæð, enda ekki rætt um neina sérstaka framkvæmd, er gilt hafi hjá Ríkisskipum. Af hálfu stefndu sé því haldið fram, að þetta eigi að skilja svo, að um framkvæmd færi líkt og gilti hjá Skipaútgerð ríkisins. En orðalag yfirlýsingarinnar beri það alls ekki með sér. Auk þess beri að geta þess, að hjá Ríkisskipum séu engar fastar skipherrastöður í landi líkt og hjá Landhelgisgæslu. Í bréfi gæslunnar, dags. 21. nóvember 1984, komi fram, að ætlast sé til þess, að risna sú, sem útgerðin greiði skipherrum, sé veitt um borð í skipum útgerðarinnar. Þessi einhliða

yfirlýsing stangist á við þá framkvæmd, er verið hafi fram að kjarasamningum 1984. Fram að þeim tíma hafi allir skipherrar fengið ákveðna greiðslu fyrir hvern unninn dag án tillits til þess, hvort risna væri veitt eða ekki. Risnugreiðslur hafi verið hluti af launakjörum starfsmanna stefnda líkt og svo fjölmargar aukagreiðslur, svo sem fæðispeningar, landgöngufé o.fl. Því sé sú einhliða túlkun stefnda brot á kjarasamningi aðila, þar sem hún feli í sér verulega kjararýrnun fyrir hluta af starfsmönnum hennar. Hún stríði gegn framkvæmd á greiðslu risnu, er tíðkast hafi um alllangt skeið, og samrýmist ekki orðalagi og efnisinnihaldi þeirra samningsákvæða, er um hana fjalla. Beri hér allt að sama brunni. Öll rök leiði til þeirrar niðurstöðu, að allir skipherrar Landhelgisgæslunnar eigi rétt til sömu risnugreiðslu, hvort sem þeir starfi um borð í varðskipum úti á sjó, í stjórnstöð eða við fluggæslu.

Stefnandi vísar til áralangrar venju um fyrirkomulag risnugreiðslna sem rökstuðnings fyrir þeim hluta aðalkröfu, er hljóðar um, að skipherrum sé óskylt að framvísa reikningum við móttöku risnu. Skilyrði um þetta sé brot á kjarasamningi.

Í rökstuðningi fyrir varakröfu bendir stefnandi á, að það sé staðreynd, að skipherrar við störf í landi hafi fyrir útgáfu yfirlýsingar forstjóra Landhelgisgæslu Íslands notið risnu í formi ákveðinnar krónutölu fyrir unninn dag. Af hálfu stefndu sé samkomulag og yfirlýsing þessi túlkuð á þann hátt, að þar sem skipstjórar hjá Ríkisskip, er séu í landi, fái ekki risnu, þá eigi skipherrar Landhelgisgæslu Íslands ekki heldur, að fá slíkt. Af hálfu stefnanda sé bent á, að engir skipstjórar séu starfandi sérstaklega í landi á vegum Skipaútgerðar ríkisins og þeir fáu skipstjórar Ríkisskipa, sem séu í landi, séu í fríum. Á það er og margsinnis bent af hálfu stefnanda, að í dag fái yfirstýrimenn og yfirvélstjórar Landhelgisgæslu Íslands, er starfi í landi, greitt risnufé í formi krónutölu fyrir hvern unninn dag. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda um kr. 1.250 risnufé á mánuði, hljóti skipherrar að halda þeim risnugreiðslum, er þeir höfðu, áður en einhliða túlkun stefnda í bréfi, dags. 6. september 1985, kom til.

Af hálfu stefndu er því vísað á bug, að risnuákvæðið í grein 18.1.1. í kjarasamningi aðila skjóti stoðum undir dómkröfur stefnanda og ekki sé heldur til að dreifa neinum venjum, sem séu orðnar hluti kjarasamnings, eða að yfirlýsing Landhelgisgæslunnar í apríl

1984 feli í sér samning, er geti leitt til þess, að dómkröfur stefnanda verði teknar til greina.

Með þessu samningsákvæði væri eingöngu verið að viðurkenna, að skipstjórar væru vegna stöðu sinnar á skipinu og samkvæmt siglingalögum fulltrúar útgerðarinnar út á við gagnvart viðskiptamönnum og öðrum, sem samskipti þurfi að hafa við til að tryggja greiða för skipsins. Af þessari stöðu geti leitt útgjöld í þágu útgerðarinnar, sem útgerðinni beri eðlilega að standa undir sjálfri, beint eða með því að endurgreiða starfsmanni útlagðan kostnað.

Það sé þessi staða, sem ákvæði greinar 18.1.1. kjarasamningsins fjalli um og annað ekki, alls ekki, að skipstjórar eigi skilyrðislausan rétt til risnu án tillits til þess, hvort þeir eru við skipstjórn og veiti risnu eða ekki. Í kjarasamningnum séu ekki heldur nein frekari ákvæði um risnu. Ákvörðun um slíkt sé vísað beint til framkvæmdastjóra útgerðar og viðkomandi skipstjóra, enda risna útgjöld, sem notuð sé í þágu útgerðarinnar og hennar að meta og ákveða þá eyðslu. Heimildir skipstjóra til að stofna til slíkra útgjalda á kostnað útgerðar og takmörk hennar byggist því á persónulegum samningi við útgerðina, en ekki kjarasamningi. Kjarasamningurinn ráðgeri ekki aðild Skipstjórafélags Íslands að slíkum ákvörðunum um innri málefni fyrirtækjanna.

Samkvæmt lögum um Landhelgisgæslu Íslands taki skipherrar laun og kjör eftir kjarasamningum skipstjóra, þegar þeir eru við skipstjórn, svo og laun skv. þeim samningum, er þeir starfa í landi, en um önnur kjör fari eftir þeim starfa, sem þeir gegni hverju sinni. Gildissvið kjarasamnings sé takmarkað við að fjalla um kaup og kjör skipstjóra vegna starfa um borð í skipum. Á því hafi engin breyting orðið 1975, er Skiparekstur ríkisins vegna Landhelgisgæslunnar varð aðili að kjarasamningnum.

Tilhögun sú, sem Skipaútgerð ríkisins og Landhelgisgæslan höfðu á risnu fram að 1. apríl 1984 með greiðslu á risnufé, hafi engu breytt um eðli risnugreiðslunnar. Hún komi til af því, að um borð í skipunum séu ekki neinar birgðir af áfengi eða tóbaki, þannig, að úttekt á birgðum skipsins til risnuviðurgernings, eins og tíðkist hjá öðrum skipafélögum, hafi ekki verið hægt að koma við. Þess vegna hafi skipstjórum og skipherrum verið greitt mánaðarlega risnufé til að standa undir risnuútgjöldum um borð í skipunum. Risnufé ákvarðaðist út frá risnu, sem yfirvélstjórar og stýrimenn fengu skv. kjara-

samningum sínum. Risnufé hafi aldrei verið greitt í fríum eða veikindum. Þar sem risnufé var fremur lág fjárhæð á þessum tíma, hafi ekki verið talin ástæða til hjá Landhelgisgæslunni að viðhafa sérstakt eftirlitskerfi með því að krefjast reikninga hverju sinni né eftir að landhelgisdeilan kom upp, að draga frá unna daga í landi. Í þeirri tilhögun hafi ekki falist nein skuldbinding um, að slíkt yrði aldrei gert, né heldur, að sú tilhögun ætti að standa um aldur og ævi. Engum samningum í þá veru hafi verið til að dreifa.

Til þess hafi að sjálfsögðu verið ætlast, að skipherrar veittu risnufé, sem þeir fengu greitt þ. á m. því risnufé, sem reiknaðist á unna daga í landi. Skipherrum hafi sjálfum borið að gera skatt-yfirvöldum grein fyrir notkun á risnu. Risnufé hafi verið gefið upp til skatts sem risnugreiðsla, en ekki sem laun. Sú staðhæfing stefnanda, að af hálfu stefndu hafi verið litið á risnu sem laun, sé því fráleit og röng.

Yfirlýsing forstjóra Landhelgisgæslunnar í apríl 1984 um risnu skipherra sé þannig til komin, að þá hafi legið fyrir, að Skipaútgerð ríkisins myndi breyta risnu hjá skipstjórum fyrirtækisins og hækka hana. Hins vegar hefði þá ekkert verið ákveðið, í hvaða formi risnan yrði veitt, við hvað yrði miðað eða annað sem að þessu laut, nema það eitt, að fjárhæð slíkrar greiðslu yrði takmörkuð við lögskráningardaga skipstjóra um borð í skipunum. Þetta hafi verið kynnt formanni skipstjórafélagsins og legið fyrir samninganefndum aðila, er kjarasamningurinn hafi verið undirritaður. Í yfirlýsingunni segði, að skipherrum yrði greitt sama risnufé og Skipaútgerðin myndi greiða sínum skipstjórum og auðvitað eftir sömu reglum. Ella fengju þessir aðilar ekki sama risnufé.

Staðhæfingum stefnanda um, að breyting á greiðslu risnu hafi haft kjararárnun í för með sér fyrir skipherra, vísa stefndu algerlega á bug. Risna sé ekki og hafi aldrei verið laun, heldur endurgreiddur útlagður kostnaður vegna veitts viðurgernings við viðskiptamenn í þágu útgerðar. Af því, sem nú hafi verið rakið, megi vera ljóst, að skipherrar hjá Landhelgisgæslunni eigi engan rétt skv. venjum eða kjarasamningi til að fá greidda risnu nema því aðeins, að þeir séu að störfum um borð í skipunum og komi þannig fram sem fulltrúar stofnunarinnar út á við og haldi í reynd uppi risnu á vegum hennar.

Varðandi rök fyrir sýknu af varakröfu stefnanda vísa stefndu til

þess, sem að ofan greinir. Risna sé útlagður kostnaður, en ekki laun. Skipherrar starfandi í landi hafi ekki átt og eigi ekki á grundvelli kjarasamnings rétt til risnugreiðslu vegna starfa sinna þar.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er höfðað á grundvelli 2. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Er ágreiningsefnið ólíkur skilningur og túlkun aðila á grein 18.1.1. í kjarasamningi þeirra, sem undirritaður var 16. apríl 1984 um gildistöku 1. apríl s.á. og gilt hefur síðan. Samningsákvæði þetta um risnugreiðslur til skipstjóra hefur verið óbreytt í kjarasamningum allt frá árinu 1955. Ágreiningslaust er, að risnugreiðslum til skipherra Landhelgisgæslunnar var hagað á þann veg frá árinu 1971 og fram í apríl 1984, að þeir fengu ákveðna upphæð fyrir hvern unninn dag, hvort sem þeir voru við skipstjórn, unnu í stjórnstöð í landi eða voru í fluggæslu, en engar risnugreiðslur í orlofi eða í veikindum. Ekki var krafist framvísunar reikninga.

Við gerð kjarasamninga í apríl 1984 stóðu svo sakir, að fram hafði komið krafa um hækkun risnugreiðslna til skipherra Landhelgisgæslunnar. Var þessari kröfu hafnað, en í framhaldi af því kom yfirlýsing af hálfu forstjóra Landhelgisgæslunnar í skeyti 13. apríl 1984, sem staðfest var samdægurs í bréfi til formanns Skipstjórafélags Íslands, svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni skal yður tjáð, að Landhelgisgæslan mun borga skipherrum sínum sama risnufé og Skipaútgerð ríkisins greiðir sínum skipstjórum.“

Er kjarasamningur milli aðila var undirritaður, lá þessi yfirlýsing fyrir ásamt öðrum yfirlýsingum og bókunum. Þykir því verða að líta svo á og við það að miða, að komið hafi verið á sérstakt samkomulag milli Landhelgisgæslu Íslands og Skipstjórafélags Íslands vegna skipherra gæslunnar um risnugreiðslur til þeirra, byggt á ákvæði greinar 18.1.1. í kjarasamningnum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að yfirlýsingu forstjóra Landhelgisgæslunnar beri að skilja svo, að þar sé átt við, að um risnugreiðslur til skipherra skuli fara með sama hætti og tíðkist hjá Skipaútgerð ríkisins til skipstjóra hennar, enda hafi þetta komið fram í viðræðum. Þessu hefur stefnandi vísað á bug sem röngu.

Eins og atvikum er hér háttað, ber að leggja sönnunarbyrði á

stefndu um það, að í viðræðum við samningsgerðina hafi það komið fram skýrt og ótvírátt, að um risnugreiðslur til skipherra færi eins og hjá Skipaútgerð ríkisins, þ.e., að greitt yrði aðeins miðað við lögskráningardaga. Gegn eindreginni neitun af hálfu stefnanda hefur stefndu eigi tekist slík sönnun.

Þegar orðalag nefndrar yfirlýsingar forstjóra Landhelgisgæslunnar er virt og hvernig farið var um greiðslu risnu til skipherra gæslunnar allt frá árinu 1971 og litið til sérstöðu skipherra varðandi vinnuskyldu í landi og á flugvélum, þykir verða að leggja þann skilning í samkomulag aðila, að greiða eigi skipherrum risnufé, hvort sem þeir séu við skipstjórn úti á sjó, starfi í stjórnstöð í landi eða séu í fluggæslu.

Fallast ber á skoðun stefndu varðandi risnufé, að um sé að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði skipherra í þágu Landhelgisgæslunnar, en ekki laun. Eðlilegt verður að teljast, að útgerðaraðili vilji fylgjast með, hvort þessum greiðslum sé raunverulega varið í hans þágu, svo sem ætlun standi til. Samkomulag aðila við kjarasamningagerðina fjallaði um rétt skipherra almennt til risnugreiðslna og upphæð þeirra. Þegar haft er í huga eðli þessara greiðslna, verður eigi talið þrátt fyrir fyrirkomulag þeirra frá 1971, að skipherrar hafi mátt treysta því, að Landhelgisgæslan léti hjá líða um alla framtíð að krefjast gagna um, að þessum greiðslum væri varið til að halda uppi risnu á hennar vegum.

Þegar það er virt, sem nú er sagt, og enn fremur, að þessar greiðslur hækkuðu mjög verulega við samningsgerðina í apríl 1984, verður eigi talið, að skilyrði um framvísun reikninga stríði gegn margnefndu samkomulagi aðila.

Samkvæmt framansögðu verða lyktir málsins þær, að krafa stefnanda samkvæmt fyrri lið aðalkröfu hans er tekin til greina, en síðari lið hennar hafnað. Varakrafa stefnanda kemur ekki til álita.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ólafur Stefán Sigurðsson.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða skipherrum í starfi hjá Landhelgisgæslu Íslands sama risnufé, hvort sem

þeir starfa um borð í varskipum, við fluggæslu eða í stjórnstöð, samkvæmt ofanefndu samkomulagi, byggðu á grein 18.1.1. í kjarasamningi aðila frá 16. apríl 1984.

Stefndu skulu vera sýknir af þeirri kröfu stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands, að skipherrum Landhelgisgæslu Íslands, hvort sem þeir starfa um borð í varðskipum eða í landi, sé óskýlt að framvísa reikningum við móttöku risnufjár.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Björns Helgasonar og Árna Guðjónssonar.

Við erum samþykkir forsendum og niðurstöðu í atkvæði dómsforseta hér að framan um, að taka beri fyrri lið aðalkröfu stefnanda til greina.

Lögmenn málsaðila eru sammála um, að risna skv. kjarasamningi hafi verið greidd skipherrum Landhelgisgæslunnar a.m.k. frá árinu 1971, jafnt hvort þeir störfuðu á varðskipum, flugvélum eða í stjórnstöð, og með þeim hætti, að ekki var þess krafist, að skipherrar framvísuðu reikningum við móttöku risnu.

Um breytingu á þessari venju var ekki samið í kjarasamningum málsaðila, sem undirritaðir voru 16. apríl 1984, en giltu frá 1. þess mánaðar, og eigi var á valdi stefndu að breyta þeirri venju með einhliða yfirlýsingu.

Ber því einnig að taka til greina síðari lið aðalkröfu stefnanda, að skipherrum sé óskýlt að framvísa reikningum við móttöku risnu.

Við teljum, að málskostnaður eigi að falla niður.

S é r a t k v æ ð i

Gunnlaugs Briem og Gunnars Guðmundssonar.

Samkvæmt lið 18.1.1. í kjarasamningi málsaðila frá 16. apríl 1984 fær skipstjóri risnu og ferðakostnað eftir samkomulagi við framkvæmdastjóra.

Í yfirlýsingu Gunnars Bergsteinssonar, forstjóra Landhelgisgæslunnar, frá 13. sama mánaðar segir, að Landhelgisgæslan muni

borga skipherrum sínum sama risnufé og Skipaútgerðin greiðir sínum skipstjórum. Yfirlýsing þessi er ekki hluti kjarasamnings aðila, enda eingöngu fjallað þar um málefni Landhelgisgæslunnar. Rétturinn til risnugreiðslu byggist því á kjarasamningi, en fjárhæð og fyrirkomulag byggist á samkomulagi framkvæmdastjóra Landhelgisgæslunnar og viðkomandi skipstjóra og er þá hluti ráðningar-samnings, en ekki kjarasamnings.

Þegar af þessari ástæðu verða kröfur stefnanda í málinu ekki teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 7. maí 1986.

Nr. 4/1986.

**Alþýðusamband Íslands
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Vélstjórafélags Íslands**

(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)

gegn

Hitaveitu Suðurnesja

(Benedikt Blöndal hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Félagsdóms.

Eftir dómtöku máls þessa hinn 30. f.m. að loknum munnlegum málf lutningi þykir rétt, áður en dómur er lagður á málið, samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938 og 69. gr. sömu laga, að veita aðilum kost á því að afla ýtarlegri gagna um eftirtalin atriði:

1. Þeir upplýsi nánar forsögu og tilurð b-liðar í 16. kafla kjarasamnings aðila frá 24. 6. 1984 með því að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar samninganefndarmennina Jón Ólafsson og Ingólf Aðalsteinsson svo og Marteín Sigurðsson, enn fremur Albert K. Sanders og Þórð Andrésón.